

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, vegna Drangsskarðs 9.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. janúar 2025 breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, vegna Drangsskarðs 9. Breytingin felst í að grunnflötur byggingarreits minnkar. Svalir, skyggni og minniháttar útbyggingar mega ná 1 m út fyrir byggingarreit. Báðir byggingarreitir verða á tveimur hæðum. Þök beggja byggingarreitna, verða einhalla með hæstu punkta til suðurs eða flöt. Leyfilegt verður að vera með bílskúra neðan við götu en þeir skulu vera innan byggingarreits. Bílastæði í götu er hliðrað. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 22. janúar 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Aleksandra Julia Wegrzyniak, þjónustufulltrúi á tæknisviði.

B-deild – Útgáfudagur: 5. febrúar 2025